

hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 275,00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

Vatnsgjald skv. vatnsmæli kr. 13,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 36,50 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 61,25 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimædargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 3 800,00 og síðan kr. 7,60 fyrir hvern m³ þar yfir.